



Stjórnarhættir í sjálfbærum heimi

Árangursmat stjórnar

Mars 2023



Stjórnarhættir eru ófrávíkjanlegur hluti af sjálfbærni.

Í samfélagi nútímans þarf að hafa gagnsæi að leiðarljósi við stjórnarstörf, stuðla að sameiginlegum skilningi hagaðila og taka mið af þeim fjölmörgu kröfum sem samfélagið gerir á hendur stjórnarmönnum.



Samfélag atvinnulífsins er að breytast. Þróun heimsmála og breytt gildismat almennings veldur því að **sjálfbærni** hefur fest sig í sessi sem þemahugtak nútímans. Tækniþróun verður hraðari með hverju árinu, fjölbreytileiki er nauðsynlegur á öllum sviðum rekstrar og mörkin á milli persónulegrar og faglegrar sjálfsmyndar verða æ óljósari. Rík krafa er til bæði stjórna og stjórnenda um að fylgja þessari þróun og veita mikilvægum breytingum framgang.

Stjórn fer með æðsta vald á milli aðalfunda/eigendafunda og sér til þess að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. **Sjálfbærni**vegfærð hefst með **mótun stefnu til framtíðar** og hana má rekja til ákvarðana stjórnar. Ábyrgð stjórnarmanna er mikil, því tónninn sem sleginn er á efsta þrepi stjórnkerfisins leggur línurnar fyrir bæði stjórnendur og starfsmenn.

Hvers vegna skiptir árangursmat stjórnar svona miklu máli?

Vel framkvæmt árangursmat varpar ljósi á styrkleika og áskoranir stjórnarinnar í heild og einnig einstakra stjórnarmanna.


Með árangursmati stjórnar leggjum við grunn að umbótastarfi sem leiðir af sér sameiginlega og skarpa sýn á hvert skuli stefna og hvernig ná megi settum markmiðum.

Kostir þess að fela ytri aðila framkvæmd árangursmats:

Dýpri greining á núverandi stöðu. Álit frá óháðum aðila um það hvort mismunandi skilningur sé á verkefnum, virkni stefnu og öðrum þáttum innan stjórnar.

Yfirferð spurningalista og samtal við ráðgjafa felur í sér tækifæri fyrir stjórnarmenn til að auka þekkingu sína á stjórnarstörfum almennt.

Niðurstöður samtala og könnunar eru dregnar saman í skýrslu, sem ásamt faglegu mati okkar má nýta til áframhaldandi gæðastarfs stjórnarinnar.



Árangursmat stjórnar – með PwC

Framkvæmd árangursmats stjórnar með aðkomu PwC er fjórþætt. Þessi nálgun gerir okkur kleift að draga fram þá þætti í starfi og starfsumhverfi stjórnar sem eru mikilvægir fyrir árangur hennar.

- 1 Fyrsta skrefið er að átta sig á menningu og framkvæmd stjórnarmálefna með því að skoða fundargerðir og önnur gögn.
- 2 Rafræn könnun er lögð fyrir stjórnarmenn. Niðurstöður hennar teknar saman í kjarnaþætti til frekari umræðu.
- 3 Haldinn er umræðufundur með hverjum og einum stjórnarmanni þar sem farið er yfir svör og kjarnaþætti að mati ráðgjafa.
- 4 Niðurstaða er kynnt fyrir stjórn ásamt því að skýrsla er afhent. Dregnir eru fram umræðupunktur og grunnur lagður að umbótaáætlun til úrvinnslu og eftirfylgni.

Nálgun PwC við gagnaöflun og úrvinnslu tekur mið af fimm víddum stjórnarhátta.



Skipulag og virkni stjórnar
Samsetning, þekking, forysta og ábyrgð



Stefna og innleiðing stefnu
Stefnumótun og eftirfylgni



Áhættustjórnun
Yfirsýn yfir lykiláhættur og mótvægisáðgerðir



Siðferði
Gildi, menning og háttsemi



Mælingar og frammistaða
Árangursvísar og upplýsingamiðlun



Hafðu samband

Jón Sigurðsson

Lögg. endurskoðandi, partner
jon.sigurdsson@pwc.com
Sími 840 5387

Valgerður Valgeirsdóttir

Ráðgjafi
valgerdur.valgeirsdottir@pwc.com
Sími 840 5333

